



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

STARFSLEYFI

fyrir samgöngumiðstöð (flugstöðin Reykjavíkurflugvelli) að Þorragötu 10.

Nafn leyfishafa: Icelandair ehf.

Heimilisfang: Flugvelli 1

Póstnúmer: 221

Kennitala: 461202-3490

Útgáfudagur leyfis: XX.XX. 2026

Gildir til: XX.XX. 2038

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og laga nr. 93/1995 um matvæli þegar um matvæli er að ræða. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum framangreindra laga, einnig laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum. Einnig ákvæðum annarra laga, reglugerða og starfsleyfisskilyrða sem um starfsemina kunna að gilda.

Leyfið er einnig gefið út með *Samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir samgöngumiðstöðvar*.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi nema nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfinu þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Heimilt er að endurskoða starfsleyfi þegar þörf krefur. Leyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá.

Reykjavík, XX.XX. 2026

Umsókn um starfsleyfi til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Umsókn móttokin

16. febrúar, 2026

Einkvæmt auðkenni: 967341c7-d68c-4373-be49-f67d6337b45e

Skilmálar

Já, ég samþykki!

✓

Tegund umsóknar

Vinsamlegast hakið við það sem við á

Endurnýjun leyfis

Starfsemi hefst

-

Starfsstöð og fyrirtæki

Heiti starfsstöðvar

Iceignir ehf. Flugstöðin Reykjavíkurflugvelli

Aðsetur starfsstöðvar

~~Flugvöllur 1~~ Þorragata 10

Póstnúmer aðseturs

~~221~~ 102

Símanúmer

Netfang

gudmundurts@icelandairgroup.is

Heimasíða

-

Nafn fyrirtækis

Icelandair

Kennitala fyrirtækis

4612023490

Heimilisfang fyrirtækis

Flugvellir 1

Póstnúmer fyrirtækis

221 Hafnafjörður

Forsvarsmaður

Nafn forsvarsmanns

KLARA ÁSRÚN JÓHANNSDÓTTIR

Kennitala forsvarsmanns**Sími forsvarsmanns****Netfang forsvarsmanns**

klaraj@icelandair.is

Hvar fer starfsemin fram?

Hvar fer starfsemin fram?

Í fasteign

Fasteignanúmer

Porragata 10 010101 N2029253

Starfsemi

Hvers konar starfsemi?

Hollustuhættir

Nánari lýsing á starfseminni

Leigusamningur við Clippers sem rekur hefðbundna sjoppu í rýminu.
Flugstöðinn Reykjavíkurflugvelli,samgöngumiðstöð

Fylgigögn

Viðbótargögn

2010-_50.pdf



Reykjavík, 3. mars 2026
USK26020245

UMSÖGN BYGGINGARFULLTRÚA Á SAMÞYKKTRI NOTKUN HÚSNÆÐIS

Viðtakandi: Guðmundur Tryggvi Sigurðsson
Sendandi: Byggingarfulltrúi

Heimilisfang: Þorragata 10
Merking: 01-0101 fasteignanúmer: F2029253
Starfsemi: Afgreiðsla fyrir flugfarþega

Byggingarfulltrúi gerir ekki athugasemdir við að Heilbrigðiseftirlitið gefi út starfsleyfi fyrir afgreiðslu fyrir flugfarþega að Þorragötu 10.

Húsnæðið heimilar þessa notkun.
Samkvæmt heimildum byggingarfulltrúa er ekki séð að breyting hafi átt sér stað á húsnæðinu frá samþykktum aðaluppdráttum dags. 1. júní 2010 (BN041557) – ef svo er ber að sækja um byggingarleyfi hjá byggingarfulltrúa Reykjavíkur.

Lokaúttekt/öryggisúttekt er staðfest með útgáfu vottorðs dags 11. nóvember 2021.

Umsögn byggingarfulltrúa á að fylgja með skráningu starfsleyfis hjá Heilbrigðiseftirliti.

Ef húsnæðið uppfyllir ekki kröfur Heilbrigðiseftirlits fyrir fyrirhugaðri starfsemi þá skal sækja um þær breytingar sem þarf að gera á húsnæðinu.

Virðingarfyllt,
f.h. byggingarfulltrúa
Harpa Dögg Hjartardóttir
Umhverfis- og skipulagssvið

STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR SAMGÖNGUMIÐSTÖÐVAR

Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna hollustuhátta, sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum

1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

		Rgl.nr.	Uppfyllt
1.1	Skilyrði þessi gilda fyrir samgöngumiðstöðvar þar sem almenningur nýtur þjónustu í tengslum við fólksflutninga. Dæmi um samgöngumiðstöðvar eru flugstöðvar, umferðarmiðstöðvar og miðstöðvar ferjusiglinga.	L. 7/1998. 4. gr. Rlg. 941/2002. og 7. gr.	
1.2	Starfsleyfið gildir aðeins í húsnæði sem tilgreint er í starfsleyfinu og hlotið hefur staðfestingu leyfisveitanda byggingarleyfis á því að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun húsnæðisins. Starfsleyfi skal hanga uppi á áberandi stað.	Rlg. 941/2002, 13. og 14. gr.	
1.3	Rekstraraðila ber að veita heilbrigðisnefnd upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á starfsemi sem varða ákvæði starfsleyfis með hæfilegum fyrirvara.	Rlg. 941/2002, 12. gr.	
1.4	Ef um annan starfsleyfis skyldan rekstur er að ræða samhliða gilda viðeigandi starfsleyfisskilyrði.	Rlg. 941/2002, 7. gr.	
1.5	Aðgangur skal vera að neysluvatni, um gæði þess gilda ákvæði reglugerðar um neysluvatn.	Rlg. 941/2002, 14. gr.	
1.6	Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis að öllu leyti þar með talið að lögum og reglum, sem eiga við um starfsemina sé fylgt sem og kröfum í starfsleyfi.	Rlg. 941/2002, 13. og 14.	

2. HÚSNÆÐI OG BÚNAÐUR

		Rgl.nr.	Uppfyllt
2.1	Húsakynni skulu vera rúmgóð, björt, hæfilega hituð og loftræst á fullnægjandi hátt.	Rlg. 941/2002, 14. gr.	
2.2	Húsnæði skal vera vel viðhaldið.	Rlg. 941/2002, 14. gr.	
2.3	Gestir skulu hafa aðgang að fullbúinni snyrtingu. Gólfflötur salernisrýmis ^[1] skal vera minnst 1,2 m ² og 3,3 m ² fyrir fatlaða og loftræst með opnanlegum glugga eða vélrænni loftræsingu. Fyrir nýtt húsnæði og breytingar á húsnæði gilda ákvæði byggingarreglugerðar nr. 112/2012. Taka skal mið af umfangi starfsemi um fjölda snyrtinga. Ruslafata með loki skal vera í hverju salernisrými, fyrir bæði kyn.	Rlg. 941/2002, 15. gr.	

2.4	Læst og loftræst ræstiaðstaða með skolvaski skal vera til staðar. Þar skal vera nægilegt geymslurými fyrir ræstiahöld og efnavöru.	Rlg. 941/2002, 14. gr.	
2.5	Hitastýrð blöndunartæki skulu vera í handlaugum og skal gera gestum grein fyrir því að vatnshiti getur farið yfir 43°C við töppunarstað.	Rlg. 941/2002, 14. gr.	
2.6	Starfsfólk skal hafa greiðan aðgang að sérstökum snyrtingum og öðrum búnaði skv. reglum Vinnueftirlitsins um húsnæði vinnustaða.	Rlg. 941/2002, 31. gr.	

3. HREINLÆTI OG ÞRIF

		Rgl.nr.	Uppfyllt
3.1	Húsnæði og öll aðstaða skal þriffin daglega eða oftast eftir þörfum. Hreinlætisáætlun skal vera skrifleg og skal fela í sér umgengnisreglur og áætlanir eftir því sem við á, s.s. um meindýravarnir, þrif og gerileyðingu. Allsherjarhreingerningu skal gera minnst árlega.	Rlg. 941/2002, 11. og 14. gr. gr.	
3.2	Gólfefni og frágangur húsnæðis skal vera þannig að þrif séu auðveld.	Rlg. 941/2002, 14. gr.	
3.3	Loftræsikerfi skal hreinsa og þjónusta reglulega. Þjónustuhandbók eða samsvarandi leiðbeiningar fyrir loftræsikerfi skulu vera aðgengilegar fyrir eftirlitsaðila.	Rlg. 941/2002, 15. gr.	
3.4	Reykingar eru bannaðar þar sem almenningur leitar þjónustu.	Lög nr. 6/2002.	
3.5	Dýr skulu flutt í þar til gerðum búrum eða aðstöðu, þannig að hvorki hljóttist af slys eða sýkingar.	Rlg. 941/2002, 19. gr.	
3.6	Gæta skal fyllsta hreinlætis og snyrtimennsku. Allur búnaður skal vera hreinn og heill.	Rlg. 941/2002, 14. gr.	
3.7	Gestir skulu hafa aðgang að sorpílátum og skulu þau tæmd eftir þörfum, en þó ekki sjaldnar en daglega.	Rlg. 941/2002, 14. gr.	

4. MATVÆLI

		Rgl.nr.	Uppfyllt
4.1	Um matvæli gilda lög nr. 93/1995 um matvæli með síðari breytingum og reglugerðir settar samkvæmt þeim.	Lög nr. 93/1995	

5. ÖRYGGI OG SLYSAVARNIR

		Rgl.nr.	Uppfyllt
5.1	Lyf og hættuleg efni skulu geymd í læstum hirslum. Efnavara skal merkt á fullnægjandi hátt. Öryggisleiðbeiningar fyrir hættuleg efni skulu vera aðgengilegar.	Rlg. 941/2002, 14. gr.	
5.2	Farið skal að tilmælum HES um viðbúnað við slysum og óhöppum?	Rlg. 941/2002, 14. gr.	

5.3	Um leikvallatæki og leiksvæði gildir reglug. nr. 942/2002 um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim. Leikföng skulu vera CE-merkt og skulu yfirfarin og þriffin reglulega.	Rlg. 941/2002, 35. gr.	
-----	---	------------------------------	--

6. LÓÐ OG UMHVERFISMÁL

		Rgl.nr.	Uppfyllt
6.1	Aðkoma og lóð skulu vera hrein og snyrtileg og uppfylla almenn öryggissjónarmið.	Rlg. 941/2002, 14. gr. og 18. gr.	
6.2	Gæta skal þess að gestir verði ekki fyrir ónæði s.s vegna hávaða og mengunar frá bílum í lausagangi.	Rlg.941/20 02., 3. og 22.gr.	
6.3	Fara skal eftir ákvæðum reglugerðar um fráveitur og skólþ eftir því sem við á.	Rlg. 798/2002.	
6.4	Nota skal umhverfisvæn efni til þrifa o.þ.h. þar sem því verður við komið og forðast óþarfa notkun á efnavöru.		
6.5	Starfsemin má ekki valda ónæði, sem er veruleg og ítrekuð truflun eða áreiti sem tilheyrir ekki því umhverfi sem um ræðir, s.s. vegna óþrífnaðar, ólyktar, hávaða eða titrings.	Rlg.941/20 02., 3. og 22.gr.	
6.6	Fjöldi sörpíláta skal vera í samræmi við umfang starfsemi og skal staðsetning þeirra, frágangur og umhirða vera í samræmi við reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.		

Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

- Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002, reglugerð um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ, lögum nr. 6/2002 um tóbaksvarnir, lögum nr. 93/1995 um matvæli, reglugerð nr. 103/2010 um hollustuhætti matvæla, reglugerð nr. 724/2008 um hávaða, reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn og byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Reykjavík 04.01.2018



Kristín Linda Árnadóttir